

Tillaga til þingsályktunar

um starfsaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fjölmíðlafólk hjá Ríkisútvarpinu.

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Andrés Ingi Jónsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Gísli Rafn Ólafsson,
Halldóra Mogensen, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menningar- og viðskiptaráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Ríkisútvarpíð, fjölmíðil í almannapágu, nr. 23/2013, og lögum um fjölmíðla, nr. 38/2011, til þess að heimila sjálfstætt starfandi fjölmíðlafólk að nýta sér starfsaðstöðu RÚV með svipuðu móti og hugmyndafræði stafrænna smiðja byggist á, sbr. þingsályktun nr. 19/148, um aðgengi að stafrænum smiðjum. Ráðherra leggi einnig fram áætlun um uppbyggingu á sambærilegri aðstöðu úti um allt land.

Ráðherra leggi fram áætlun og tillögur til breytinga á framangreindum lögum á haustþingi 2023.

Greinargerð.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að auðvelda sjálfstætt starfandi fjölmíðlafólk aðgengi að tækjum og tólum til þess að gera hágæða fjölmíðlaefni. RÚV á, samkvæmt lögum, að starfa í almannapágu, sbr. 1. gr. laga um Ríkisútvarpíð: „Markmið laga þessara er að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmíðlaþjónustu í almannapágu. Ríkisútvarpinu er falin framkvæmd hennar eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Ríkisútvarpíð er þjóðarmiðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“

Allir fjölmíðlar eiga að starfa í almannapágu eins og kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. laga um fjölmíðla, nr. 38/2011, um lýðræðislegar grundvallarreglur: „Fjölmíðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsí. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmíðlaveitu og upplýsingaráréttur almennings krefjist annars.“

Hugmyndafræðin um stafrænar smiðjur (e. fab lab) snýst um að bjóða öllum upp á aðstöðu til þess að læra á og nota tæki fjórðu iðnbytingarinnar. Þótt mjög margir geti deilt skoðunum sínum í samfélagsmiðlaumhverfi dagsins í dag þá er stigsmunur á slíku efni og því sem hægt er að búa til með þeirri aðstöðu sem RÚV hefur upp á að bjóða.

Þegar fjallað er um starfsaðstöðu í þessari þingsályktunartillögu er átt við aðgengi að tækjabúnaði, upptökusvæðum og miðlun þegar slík aðstaða er annars ekki í notkun. Það gæti þytt að efni sem sjálfstætt starfandi fjölmíðlafólk framleiðir sé birt á vef RÚV eða í sjónvarps- eða útvarpssendingum utan dagskrár. Tryggja þyrfti að slíkt efni væri hvorki háð ritstjórn RÚV né á ábyrgð RÚV samkvæmt lögum.